

## **Reglugerð nr.11**

### **Reglugerð um leikskýrslur**

**11.1** Fyrir hvern leik í mótum á vegum ÍHÍ eða aðildarfélaga þess skal gera leikskýrslu. Form leikskýrslu skal vera byggt á leikskýrslum IIHF.

Leikskýrslan skal vera tölvuunnin og fær til nota í miðlægan gagnagrunn ÍHÍ.

**11.2** Á leikskýrslu skal skrá nöfn allra leikmanna auk þjálfara, liðsstjóra og starfsmanna leiksins.

**11.3** Fyrir hvern leik í meistaraflokki er heimilt að útfylla leikskýrslur í einriti. En þá skal útbúa 3 afrit fyrir liðin og dómara leiksins. Frumrit skal sent til skrifstofu ÍHÍ eða það afhent eftirlitsdómara eða aðaldómara og skal það hafa borist skrifstofu ÍHÍ innan 24 klukkustunda.

**11.4** Fyrir leiki í barna- og unglíngaflokkum er heimilt að útfylla leikskýrslur í einriti. Þá skal útbúa jafn mörg afrit og kveður á í 11.2 og skal meðferð þeirra vera með sama hætti.

**11.5** Verði misbrestur á afhendingu gagna er aganefnd heimilt að sekta hlutaðeigandi aðila um allt að 5.000 kr.

**11.6** Heimilt er að nota miðlægan varinn gagnagrunn til skráningar og varðveislu á leikskýrslum.